



GREGERSENFJÖLSKYLDAN: TEIKNING EFTIR SOFIE GREGERSEN



Fréttabréf Íslenzkrar ættleiðingar

Fræðsla - Leitinn að upprunum

Þættirnir **Leitinn að upprunum** hafa vakið mikla eftirtekt hjá almenningi og hafa landsmenn tekið þáttunum ótrúlega vel. Nú er búið að segja Brynju Dan og Kolbrúnar Söru. Þá á eftir að fylgja Rósíku á vit ævintýrana.

Síðasti þátturinn verður svo uppgjör eftir upprunaleitina. Í þættinum fara Brynja, Kolbrún og Rósíka yfir upplifun sína af þessu magnaða ferðalagi. Félagar Íslenzkrar ættleiðingar fá forskot á sæluna og fá að sjá lokabáttinn í forsyningu og fá tækifæri til að spyrja þremminganna spjörnum úr.

Jólaball á Akureyri

Sunnudaginn 27. nóvember standa félagsmenn norðan heiða fyrir jólaballi á

Akureyri. Fjörð hefst kl. 11:00 í Brekkuskóla og hefur heyrst að jólasveinar muni leggja leið sína á ballið með pokann á bakinu og hver veit nema að í honum leynist eitthvert göðgæti og jafnvel smá glaðningur...

Jólaball í Reykjavík

Jólasveinarnir munu hafa í nógu að snúast þessi jólin því að þeir hafa rétt sex daga til að koma sér til Reykjavíkur og hitta félagsmenn Íslenzkrar ættleiðingar í Hörpunni.

Við vonum að það verði nóg eftir í pokanum þegar þeir koma suður svo að hægt verði að gleðja börnin á höfuðborgarsvæðinu.

Gamanið hefst kl. 13:00 í Hörpunni og verður boðið uppá vöfflur og heitt súkkulaði, ávexti og safa fyrir þá sem það vilja.

Mikil ánægja var með jólaballið í fyrra og ætlum við því að endurtaka leikinn með svipuðu sniði. Hér eru nokkur ummæli: „Þetta er flottasta jólaball sem ég hef farið á“; „Takk fyrir frábært jólaball“; „Jólaball Íslenzkrar ættleiðingar er alltaf skemmtilegasta jólaballið!“; „Takk kærlega fyrir okkur!“.

Styrkur úr óvæntri átt

Á dögunum bankaði þakklát fjölskylda á dyrnar hjá félaginu og langaði til að leggja því lið og þakka fyrir veitta þjónustu. Fjölskylduna langaði að styrkja félagið sitt og var búin að leggja inná reikning þess eina milljón króna.

Stjórn Íslenzkrar ættleiðingar þiggur styrkinn með þökkum og mun verja honum til góðra verka í þágu ættleiddra barna og fjölskyldna þeirra.

JÓLABALL - AKUREYRI

Sunnudagur 27. nóvember kl. 11

Brekkuskóli - Laugargötu

[Skráning á heimasíðu Íslenzkrar ættleiðingar](#)

Frítt fyrir félagsmenn – 1000 krónur fyrir aðra

JÓLABALL – REYKJAVÍK

Laugardagur 3. desember kl. 13-15

Harpa – Norðurljós

[Skráning á heimasíðu Íslenzkrar ættleiðingar](#)

1000 fyrir félagsmenn – 500 fyrir börn

2750 fyrir utanfélagsmenn og 1350 fyrir börn

LEITIN AÐ UPPRUNANUM

Fimmtudagurinn 8. desember kl. 20:00

Hótel Hilton – salur E, Suðurlandsbraut 2

[Skráning á heimasíðu Íslenzkrar ættleiðingar](#)

Frítt fyrir félagsmenn – 1000 krónur fyrir aðra

Kjörforeldrar ósáttir við þjónustu sýslumanns

Höfundur Brjánn Jónasson

Foreldrar sem hafa ættleitt börn frá öðrum löndum á síðustu tveimur árum eru afar ósáttir við þjónustu sýslumannsembættisins í Reykjavík. Í könnun á þjónustu við kjörforeldra kemur fram að aðeins 15,4 prósent voru ánægð með viðmót starfsfólks sýslumannsembættisins og 11,5 prósent voru ánægð með afgreiðsluhraða og veittar upplýsingar.

„Barna þarf að taka vel til,“ er haft eftir einum þátttakenda í könnuninni. „Það þarf að gerbreyta öllu verklagi, þetta er viðkvæmur málaflakur fyrir umsækjendur og auðvitað börnin. Þjónustan þarf að vera persónulegri.“

Könnunin, sem náði til foreldra sem ættleiddu börn á árunum 2014-2016, var gerð af óháðum aðila fyrir Íslenska ættleiðingu. Markmiðið með henni var að kanna viðhorf til þjónustu félagsins, sem og viðhorf til þeirra stofnana sem kjörforeldrar þurfa að eiga samskipti við tengt ættleiðingunni.


Ánægja með þjónustu sýslumanns hefur dregist verulega saman frá því sambærileg könnun var gerð síðast, meðal foreldra sem ættleiddu börn á árunum 2013-2014. Þá sögðust 36,8 prósent ánægð með viðmót starfsfólks embættisins og 26,3 prósent ánægð með afgreiðsluhraða.

Flestir ánægðir með þjónustu ÍÆ

Í könnuninni voru foreldrar einnig spurðir um viðhorf þeirra til þjónustu Íslenskrar ættleiðingar og annarra stofnana sem koma að ættleiðingarferlinu, svo sem félagsráðgjafa Barnaverndar og Barnaspítala Hringins.

Mikill meirihluti svarenda, um 87 prósent, sögðust ánægð með þjónustu Íslenskrar ættleiðingar í öllu ferlinu. Um 88,9 prósent sögðust ánægð með viðmót starfsfólksins, sem er ívið hærra hlutfall en í síðustu könnun, sem gerð var meðal foreldra sem ættleiddu börn á árunum 2013-2014.

Þá sögðust 77,7 prósent ánægð með upplýsingarnar sem þau fengu skrifstofu félagsins. Þar hefur hlutfallið lækkað talsvert frá síðustu könnun, þegar um 94,7 prósent voru ánægð.



Mikilvægt að heyra af reynslu annarra

Á undirbúningsferli verðandi kjörforeldrar fara þeir á tvö námskeið sem Íslensk ættleiðing sér um, annars vegar námskeiðið *Að taka á móti barni* og hins vegar námskeiðið *Fyrstu skrefin*.

Þorri kjörforeldra síðustu tvö árin er ánægður með námskeiðin. Um sjö af hverjum tíu sögðust ánægð með upplýsingarnar sem þeir fengu og á bilinu 73 til 85 prósent sögðu að fræðsla á báðum námskeiðum hafi nýst þeim eftir að þau höfðu ættleitt börn sín.

„Að heyra af reynslu annarra sem hafa ættleitt er gríðarlega mikilvægt. Einnig var gott að hitta annað fólk í sömu hugleiðingum,“ er haft eftir einu af kjörforeldrunum í niðurstöðum rannsóknarinnar.

Samskipti við Barnavernd og spítalann ganga vel

Verðandi kjörforeldrar þurfa að fá samþykki Barnaverndar áður en þeir fá að ættleiða barn. Yfirgnæfandi meirihluti foreldra, alls um 92 prósent, sögðust ánægð með samskiptin við félagsráðgjafa Barnaverndar. Það er svipað hlutfall og í síðustu könnun.

Heldur færri voru ánægðir með afgreiðsluhraða hjá Barnavernd, eða um 65,4 prósent. Þar hefur hlutfallið lækkað talsvert frá síðustu könnun þegar 78,9 prósent voru ánægð með afgreiðsluhraðann.

„Auðvitað hefur maður skilning á því að starfsfólk Barnaverndar er hlaðið verkefnum,“ er haft eftir einum þátttakenda í

niðurstöðum rannsóknarinnar. „Við fengum samt alltaf fina þjónustu og þau vildu allt fyrir okkur gera.“

Þá er yfirgnæfandi meirihluti kjörforeldra ánægður með þjónustu Barnaspítala Hringins eftir heimkomu. Alls sögðust 92 prósent ánægð með þjónustu spítalans.



Þarf fleira sérhæft starfsfólk hjá sýslumanni

„Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að gera reglulega kannanir af þessu tagi til að átta okkur á því hvað það er sem gengur vel og hvar við þurfum að bæta okkur,“ segir Kristinn Ingvarsson, framkvæmdastjóri Íslenskrar ættleiðingar.

Hann segir það vissulega áhyggjuefni að kjörforeldrar fái ekki þjónustu sem þeir eru ánægðir með hjá embætti sýslumannsins í Reykjavík. „Við höfum auðvitað heyrt af þessari óánægju meðal kjörforeldra og viljum svo gjarnan að þarna verði bætt úr.“

Kristinn segir kjörforeldra auðvitað hafa samúð með starfsfólki sýslumannsins, sem hafi unnið undir miklu álagi undanfarin ár. „Við teljum að það þurfi að fjölga starfsfólki hjá embættinu og gæta að því að þeir sem sinna þessum málaflakki hafi þá sérþekkingu sem þarf,“ segir hann.

Ættleiðing er frábær kostur

eftir Sigrúnu Evu Grétarsdóttur og Bjarna Magnús Jóhannesson

Sigrún Eva og Bjarni Magnús ættleiddu Veigar Lei frá Kína árið 2014. Þau voru svo væn að deila sögu sinni með félagsmönnum Íslenskrar ættleiðingar.

Ferlið

Eftir að í ljós kom að við þyrftum á aðstoð að halda til þess að eignast barn og við vegið og metið stöðuna sem við vorum í ákváðum við að það að ættleiða barn væri rétt leið fyrir okkur.

Draumur okkar var að eignast barn og fannst okkur ættleiðing frábær kostur.

Við fórum í viðtal hjá Kristni (framkvæmdastjóra ÍÆ) og fengum hann til að fara aðeins yfir þau lönd sem í boði voru fyrir okkur. Þetta var í febrúar 2012.

Á sama tíma skráðum við okkur á námskeiðið „Er ættleiðing fyrir mig“ sem er forsenda þess að fá forsamþykki. Við vorum skráð á námskeiði í apríl 2012 sem því miður var fellt niður vegna skorts á fjármagni.

Það var því ekki fyrr en ári seinna sem við komumst á námskeið og í apríl 2013 var umsókn okkar um forsamþykki tilbúin og send af stað til Sýslumannsins í Reykjavík. Við tók úttekt barnaverndar og það var svo í nóvember 2013 sem við fengum forsamþykki til að ættleiða barn með skilgreindar þarfir frá Kína.

Skilgreindar þarfir

Ein af ástæðunum fyrir því að við völdum að fara þessa leið var að biðtíminn var frekar stuttur og okkur fannst ekkert stórmál þó að barnið okkar væri með einhverja skilgreinda þörf.

Við fórum með barnalækni í gegnum allskonar þarfir sem mögulegt barn gæti haft og reyndum að vera raunsæ með það hvaða þarfir

við gætum tekist á við og hvað við treystum okkur í. Það er frekar skritin tilfinning að velta fyrir sér mismunandi þörfum og ímynda sér hvernig við gætum aðstoðað tilvonandi barn



að lifa með þeirri þörf. En með góðri aðstoð komumst við að ágætri niðurstöðu sem við vorum bæði sátt við.

Umsókn til Kína

Næst tók við gerð umsóknarinnar sem send var til Kína. Hún var tilbúin í janúar 2014 og samþykkt í Kína 10. febrúar. Þá hófst bið sem að við vissum ekkert hvað tæki langan tíma. Eina sem við vissum var að listinn væri uppfærður á fjögurra vikna fresti aðfaranótt þriðjudags.

Vöktun

Þegar kom að fyrstu vöktuninni vorum við spennt en gerðum okkur líka grein fyrir því að það væri frekar ólíklegt að við yrðum þöruð í fyrstu vöktun.



Það reyndist síðan raunin og við fengum að vita að barni hefði ekki verið læst fyrir okkur. Það voru samt vonbrigði. Eftir því sem leið að næstu vöktun jókst

eftirvæntingin smám saman. Eftir næstu vöktun varð niðurstaðan sú sama, barni hafði ekki verið læst.

Pörun

Það var síðan rétt eftir hádegi næsta föstudag þann 28. mars, að Kristinn hringdi í okkur og sagði að barni hefði verið læst. Þetta kom okkur auðvitað mjög á óvart þar sem að við héldum að við þyrftum að bíða eftir næstu vöktun.

En Kristinn sagði að þau fylgdust með listanum í nokkra daga eftir hverja vöktun. Hann sagði að við hefðum 72 klukkutíma til þess að fara yfir upplýsingarnar til þess að ákveða hvort við vildum halda áfram eða bíða eftir næstu vöktun.

Eftir að hafa talað við Gest lækni ákváðum við að halda áfram með ferlið. Drengurinn var 11 mánaða og með

aflagað eyra samkvæmt skýrslunni.



Okkur þótti við heldur betur dottið í lukkupottinn og fannst þetta eyra vera minnsta málið. Nú þyrftum við bara að bíða eftir staðfestingu frá Kína að það væri búið að samþykkja

ættleiðinguna af þeirra hálfu. Sú bið reyndist lengri en við var búist og það var ekki fyrr en Íslensk Ættleiðing ýtti á þau að við fengum staðfestinguna. Eftir að við fengum staðfestinguna fengum við að vita að við hefðum einn mánuð til þess að undirbúa okkur fyrir ferðina.

Kína

Þann 1. júlí flugum við til Kína en Elva systir Sigrúnar kom með okkur og teljum við að það hafi auðveldað ferðina. Fyrstu dögnum eyddum við í skoðunarferðir í Peking í 35 stiga hita. Síðan var haldið til Tianjin en

Þangað er aðeins þrjátíu mínútna lestarferð frá Peking. Þann 7. júlí sameinuðumst við síðan. Veigar var þá fjórtán mánaða. Hann tók móður sinni strax mjög vel og næstu daga mátti hún varla leggja hann frá sér án þess að hann byrjaði að gráta á eftir henni. Vegna þess hve heitt var úti og hversu illa það fór í hann reyndum við að vera sem mest inni.

Aðlögun

Eftir að við komum heim tók við tími þar sem að hann svaf og borðaði til skiptis og stækkaði á ljóshraða. Í dag finnst okkur svo ótrúlega langt síðan þetta var en samt eru bara rétt rúm tvö ár síðan. Veigar Lei er ansi duglegur og atorkusamur leikskólastrákur sem elskar að leika sér úti. Það má í raun segja að það hafi ekki komið upp nein stór vandamál síðan að við komum heim.

40 dagar

Eftir á að hyggja er það sem kom okkur mest á óvart með þetta allt saman hvað þetta var raunverulega einfalt og hvað allt gekk vel og hratt fyrir sig. Við vorum fyrirfram með töluvert aðra mynd í kollinum, til dæmis gerðum við upphaflega ráð fyrir að bíða í að minnsta kosti nokkur ár eftir að verða pörðuð saman við barn. Í okkar villtustu draumum hefði okkur ekki dottið í hug að aðeins rúmum 40 dögum eftir að umsóknin okkar var samþykkt í Kína væri komin mynd af syni okkar á ísskápinn.



Fréttabréf Íslenskrar ættleiðingar

Ábyrgðarmaður:
Kristinn Ingvarsson

Íslensk ættleiðing
Skiopholti 50b
105 Reykjavík



ÍSLENSK ÆTTLEIÐING